



# VIÐ LEITUM AÐ KRAFTI, ELDMÓÐI OG ÁBYRGÐ

Við leitum að fleiri framúrskarandi einstaklingum í liðið okkar. Starfsmenn Auðar eru færir á sínu sviði, leggja áherslu á gagnsæi, hreinskiptni og áhættumeðvitund í sínum störfum og hafa trú á framtíðinni. Menntun og reynsla skipta miklu – en við leitum ekki síður að heilbrigðu hugarfari og fólki sem býr yfir krafti, eldmóði og ábyrgð.

## Viðskiptastjóri – Eignastýring

Hefur þú áhuga á að starfa við öflun nýrra viðskiptavina, sinna verðbréfaráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini?

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf, próf í verðbréfavíðskiptum, mikla reynslu af verðbréfaráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini í eignastýringu, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Sparnaðar og lífeyrisráðgjafi – Séreignarsparnaður

Ef þú hefur áhuga og metnað til að starfa við öflun nýrra viðskiptavina og ráðgjöf um sparnað og lífeyrismál gæti þetta verið draumastarfið fyrir þig.

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu í sparnaðar- og lífeyrisráðgjöf, drifkraft, metnað og lífsgleði.

## Verkefnastjóri – Innri þjónusta

Ert þú hæfileikarík(ur), með góða þjónustulund og getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í starfi? Þá gæti þetta starf, sem felur í sér ýmiskonar innri þjónustu, verið starfið fyrir þig.

Við leitum að vel ritfærum einstaklingi með góða máltilfinningu bæði á íslensku og ensku, gott tölvulæsi og góða hæfni til að leysa einföld tæknivandamál. Reynsla af ferðaskipulagningu og verkefnastjórnun, sem og færni í myndvinnslu og umbrotsforritum eru ótvíræðir kostir. Viðkomandi þarf að vera hörkuduglegur, hafa ríka ábyrgðartilfinningu, sýna vandvirkni í vinnubrögðum og geta unnið sveigjanlegan vinnutíma.



Vinsamlegast sendu ferilskrá á [starf@audur.is](mailto:starf@audur.is) og segðu okkur í örstuttu máli hvers vegna þú telur þig rétta aðilann í starfið.  
**Umsóknarfrestur er til 22. júní.**

Nánari upplýsingar um störfin gefur **Þórunna Jónsdóttir** í síma **585 6500**.

Borgartúni 29 / 105 Reykjavík / Sími: 585 6500 / [www.audur.is](http://www.audur.is)